



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit), 168. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) taka undir þá gagnrýni sem er að finna í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SAF) um sama mál, sér í lagi að því leyti þar sem verið er að auka á þær íþyngjandi kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja á váttryggingamarkaði.

Telja samtökin mörg ákvæði frumvarpsins ekki vera í samræmi við sjónarmið sem koma fram af hálfu stjórnvalda í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar frá 24. maí síðastliðnum um að nauðsynlegt sé að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og stefna að einfaldara og skilvirkara regluverki. Enginn vafi leikur á því að nauðsynlegt er að setja lög og reglur um starfsemi til að tryggja hagsmuni almennings sem og starfsmanna og viðskiptamanna en hins vegar þarf að huga vel að því að þær leggi ekki meiri byrðar á fyrirtæki í landinu en þörf krefur. Jafnframt er mikilvægt að lagareglur séu skýrar og þannig úr garði gerðar að auðvelt sé að fylgja þeim enda er íþyngjandi fyrir alla aðila, bæði fyrirtækin og eftirlitsaðila að lög séu óskýr og óljóst hvernig fyrirtækjum sé fært að uppfylla skyldur sínar. Þá er mikilvægt að lögskýringargögn hafi að geyma skýr fyrirmæli um vilja löggjafans og hver tilgangur og markmið sé með lagasetningu hverju sinni, en á þetta þykir aðeins skorta í einstökum greinum frumvarpsins.

Þykja samtökunum ýmis ákvæði frumvarpsins auka enn frekar þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja í váttryggingastarfsemi án þess að það sé nægjanlega vel rökstutt í greinargerð um tilgang og markmið lagasetningarinnar. Er sérstaklega varhugavert í þeim tilvikum þar sem ætlunin er að leggja meiri kvaðir á atvinnulífið hér en almennt á Evrópska efnahagssvæðinu enda skapar slíkt hættu á mismunun.

Leyfum við okkar, þessu til stuðnings, að vísa í almenna umfjöllun í umsögn SA um frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni, sem er 158. mál á yfirstandandi þingi. Í því frumvarpi er sjónum sérstaklega beint að tilurð nýrra laga og reglna en einnig er þeim ætlað að styðja við einföldun gildandi regluverks.

Samtökin leggja því áherslu á að tekið verði tillit til athugasemda SFF við meðferð málsins á þingi, sér í lagi hvað þessi atriði varðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Bergþóra Halldórsdóttir